

## REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 390/2014 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 119/2009 um skrár yfir þriðju lönd eða hluta þeirra fyrir innflutning til Bandalagsins eða umflutning um Bandalagið á kjöti eða villtum dýrum af héraætt, tilteknum villtum landspendýrum og alikaninum og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir.**

### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í I. kafla I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007 frá 26. október 2007 öðlast eftirfarandi ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/587 frá 11. apríl 2019 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009 að því er varðar að færa Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland og tiltekna hjálendur krúnunnar á skrá yfir þriðju lönd eða hluta þeirra þaðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum með kjöti af villtum dýrum af héraætt, tilteknum villtum landspendýrum og alikaninum til Sambandsins.

### 2. gr.

Ofangreind reglugerð framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, öll með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. maí 2019.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Iðunn Guðjónsdóttir.*

**Fylgiskjal.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/587**

frá 11. apríl 2019

**um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009 að því er varðar að færa Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland og tiltekna hjálendur krúnunnar á skrá yfir þriðju lönd eða hluta þeirra þáðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum með kjöti af villtum dýrum af héraætt, tilteknum villtum landspendýrum og alíkaninum til Sambandsins**

**(Texti sem varðar EES)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til mannelis <sup>(1)</sup>, einkum 8. gr. (inngangsorð), 8. gr. (fyrsta undirgrein 1. liðar og 4. liður) og 9. gr. (4. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 29. mars 2017 lagði Bretland fram tilkynningu um þá fyrirætlun sína að ganga úr Sambandinu skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Hinn 22. mars 2019 samþykkti leiðtogaráðið ákvörðun (ESB) 2019/476 <sup>(2)</sup> um að framlengja tímabilið skv. 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið í samráði við Bretland. Ef neðri deild þingsins samþykkir ekki útgöngusamning eigi síðar en 29. mars 2019 er tímabilið, sem kveðið er á um í 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, framlengt til 12. apríl 2019 í samræmi við þá ákvörðun. Þar eð útgöngusamningurinn var ekki samþykktur fyrir 29. mars 2019 hættu lög Sambandsins að gilda um og í Bretlandi frá og með 13. apríl 2019 (hér á eftir nefndur „útgöngudagurinn“).
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 119/2009 <sup>(3)</sup> er mælt fyrir um skilyrði varðandi heilbrigði manna og dýra og kröfur vegna útgáfu vottorða í tengslum við aðflutning til Sambandsins á sendingum með kjöti af villtum dýrum af héraætt, tilteknum villtum landspendýrum og alíkaninum og sett fram skrá yfir þriðju lönd og hluta þeirra þáðan sem aðflutningur til Sambandsins á slíkum sendingum er heimilaður.
- 3) Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland hefur lagt fram nauðsynlegar ábyrgðir fyrir landið og tiltekna hjálendur krúnunnar um að uppfylla skilyrðin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 119/2009 um aðflutning á sendingum með kjöti af villtum dýrum af héraætt, tilteknum villtum landspendýrum og alíkaninum til Sambandsins, frá útgöngudeginum með því að halda áfram að hlíta löggjöf Sambandsins á upphafstímabili sem varir í a.m.k. níu mánuði.
- 4) Með tilliti til þessara tilteknu ábyrgða, sem Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland lagði fram, og í því skyni að koma í veg fyrir ónauðsynlega röskun á viðskiptum eftir útgöngudaginn ættu Bretland og tiltekna hjálendur krúnunnar því að vera færð á skrána yfir þriðju lönd og hluta þeirra, sem sett er fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009, þáðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum með kjöti af villtum dýrum af héraætt, tilteknum villtum landspendýrum og alíkaninum til Sambandsins.
- 5) Því ætti að breyta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009 til samræmis við það.
- 6) Þessi reglugerð ætti að koma til framkvæmda frá og með 13. apríl 2019 nema ef lög Sambandsins gilda áfram um og í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi á þeim degi.
- 7) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 13. apríl 2019.

Hins vegar skal hún ekki koma til framkvæmda ef lög Sambandsins gilda áfram um og í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi á þeim degi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. apríl 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*  
*forseti.*  
Jean-Claude JUNCKER

- (<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11.  
(<sup>2</sup>) Ákvörðun leiðtoga ráðsins (ESB) 2019/476 sem tekin var í samráði við Bretland 22. mars 2019 um að framlengja tímabilið skv. 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið (Stjtið. ESB L 80 I, 22.3.2019, bls. 1).  
(<sup>3</sup>) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 119/2009 frá 9. febrúar 2009 um skrár yfir þriðju lönd eða hluta þeirra fyrir innflutning til Bandalagins eða umflutning um Bandalagið á kjöti af villtum dýrum af héraætt, tilteknum villtum landspendýrum og alíkaninum og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtið. ESB L 39, 10.2.2009, bls. 12).

#### VIÐAUKI

Töflunni í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línur eru bætt við á eftir færslunni fyrir Kanada:

„Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland	GB	WL		RM		WM	
Guernsey	GG	WL		RM		WM*	

b) Eftirfarandi línu er bætt við á eftir færslunni fyrir Grænland:

„Jersey	JE	WL		RM		WM*	
---------	----	----	--	----	--	-----	--